

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2008 frá 4. febrúar 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0101**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2008 frá 4. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 31, 5.2.2008, bls. 15) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 101/2008, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 31, 5.2.2008, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.